

Starfsáætlun 2023-2024 -Frístundaklúbburinn Hrafninn



Efnisyfirlit

STARFSÁÆTLUN 2023-2024 Hrafninn Frístundaklúbbur	1
1. Hagnýtar upplýsingar	3
2. Dagatal	3
3. Starfið í vetur.....	5
Samstarf við skóla	5
Samstarf við félagsmiðstöðvar	5
Landsmót Samfés á Akureyri.....	6
Samstarf við aðra aðila	6
Viðburðir í vetur	6
Viðburðir fram að áramótum	7
Viðburðir í samvinnu við félagsmiðstöðvarnar.....	7
4. Sumar í Hrafninum	8
Stuðningur á almenn sumarnámskeið.....	8
5. Hópastarf	8
Klúbbastarf Hrafnins	9
6. Barna og unglingaráð Hrafnins	9
7. Foreldrasamstarf	9
8. Verkferlar	10
9. Innra og ytra mat	10
10. Símenntunaráætlun	11
11. Fjöldatölur 2022-2023.....	11
12. Listi yfir starfsfólk og starfsheiti	12

1. Hagnýtar upplýsingar:

Hrafninn er frístundaklúbbur fyrir börn í 5.- 10. bekk. Hrafninn er staðsettur í Skálaheiði 2, íþróttahúsið á Digraneshæð. Fjöldi skráðra barna er 19, meðaltalið er 16 börn á dag. Ásgerður Stefanía Baldursdóttir er forstöðumaður Hrafnins. Sími í Hrafninum er 441- 9381 / 897-0013 netfang asgerdurs@kopavogur.is. Hrafninn er opinn frá því að skóla lýkur á daginn kl. 13:00- 17:00 þá daga sem skólinn starfar. Boðið er upp á dagopnanir á skipulags-, foreldraviðtalsdögum, vetrarfríum og jóla- og páskaeyfum grunnskóla frá kl. 8:00- 17:00. Skrá þarf sérstaklega börnin þessa daga og þarf það að gerast þremur dögum áður og senda á netfangið asgerdurs@kopavogur.is.

2. Dagatal

Í dagatali Hrafnins eru upplýsingar um dagopnanir og skerta daga fram að sumri, ásamt upplýsingum starfsmannafræðslu fyrir starfsmenn. Einnig erum við búin að setja inn viðburði sem við ætlum að gera með börnunum í starfi Hrafnins fram að áramótum.

Fyrir áramót			Eftir áramót		
Dagsetning	Viðburður		Dagsetning	Viðburður	
			2.janúar	Skipulagsdagur í Kópavogi	Boðið upp á dagopnun
23.ágúst	Skólasetning Reykjavík	Opnum fyrr	3. janúar	Skipulagsdagur í Kóp- og lindaskóla	Boðið upp á dagopnun
23.ágúst	Skólasetning Kópavogur	Opnum fyrr	15. janúar	Skipulagsdagur í Álfhólsskóla og Hörðuvallaskóla	Boðið upp á dagopnun
25.ágúst	Fræðsla Velkominn til starfa	Starfsmenn – Kvöldið	18. janúar	Skipulagsdagur í Snælandsskóla	Boðið upp á dagopnun
14.september	Starfsdagur samfés	Boðið upp á dagopnun	30.janúar	Foreldradagur Salaskóli	Boðið upp á dagopnun
30.september	Skipulagsdagur	Boðið upp á dagopnun	2. febrúar	Starfsmannafræðsla Tröð og Hrafninn	Starfsmenn beggja starfstöðva.
4-7.okt.	Forvarnar vika		12.febrúar	Bolludagur	Bökum bollur og bjóðum foreldrum í kaffi
4-7.okt.	Forvarnar vika		13.febrúar	Sprengidagur	Opnum fyrr

6.okt.	Skipulagsdagur í salaskóla og Kóp.skóla	Boðið upp á dagopnun	14.febrúar	Öskudagur	Opnum fyrir – söfnum nammi
6.-8.okt.	Landsmót samfés á Akureyri	Tveir starfsmenn ásamt nemanda	19.febrúar	Vetrarleyfi	Boðið upp á dagopnun
9. október	Skipulagsdagur Kópavogur	Boðið upp á Dagopnun	20.febrúar	Vetrarleyfi	Boðið upp á dagopnun
10.október	Skipulagsdagur Álfhóls- & Snælandsskóli	Boðið upp á dagopnun	28.febrúar	Skertur dagur kópavogsskóli	Boðið upp á dagopnun
15.október	Samráðsdagur Álfhólsskóli	Boðið upp á dagopnun	12.mars	Skipulagsdagur kópavogi	Boðið upp á dagopnun
19. október	Foreldraviðtöl Kópavogsskóli	Boðið upp á dagopnun	21.mars	Skertur dagur Álfhólsskóli	Opnum fyrir
22.október	Foreldraviðtöl Snælandsskóli	Boðið upp á dagopnun	22.mars	Alþjóðlegi Downs dagurinn	Allir að mæta í sitthvorum sokknum
26 – 27. október	Vetrarleyfi Kópavogur	Boðið upp á dagopnun	2. apríl	Dagur einhverfu	Allir að mæta í bláu
28. október	Halloween föndur	Grasker og skreytum Hrafninn	25.-27.mars	Páskafri	Boðið upp á dagopnun
29. október	Halloween ball	Búningapartý í Hrafninum	28.-1.apríl	Páskafri	Lokað í Hrafninum
6.nóvember	Fræðsla starfsmenn	Um kvöldið	25. apríl	Sumardagurinn fyrsti	Lokað í Hrafninum
15. nóvember	Skipulagsdagur Kópavogur	Boðið upp á Dagopnun	4.maí	Skipulagsdagur hlutastarfsmanna	Fyrir starfsmenn
25. nóvember	Bolagerð	Fyrir börnin	7.maí	Skertur dagur í Salaskóla	Opnum fyrir
30.nóvember	Kertagerð	Fyrir börnin	8.maí	Skertur dagur í Salaskóla	Opnum fyrir
8. desember	Piparkökuskreyting	Fyrir börnin	9.maí	Uppstigningadagur	Lokað í Hrafninum
16. desember	Litlu jól Hrafnins	Jólaball og pakkar.	10. maí	Skipulagsdagur í öllum skólum kóp.	Bjóðum upp á dagopnun
20. desember	Skertur dagur í skóla	Opnum fyrir	20.maí	Annar í Hvítasunnu	Lokað í Hrafninn
21- 23. desember	Jólafrí	Boðið upp á dagopnun	1.júní	Sumarstarfsmenn koma inn	
24. desember	Jól	Lokað Hrafninum	5. júní	Skólaslit í Kópa-og Álfhólsskóla	Opnum fyrir
20 – 30. desember	Jólafrí	Boðið upp á dagopnun	7.júní	Skólaslit í Salaskóla og Hörðuvallaskóla	Opnum fyrir

31. desember	Gamlársdagur	Lokað Hrafninn	7-9. júní	Sumarfrí	Boðið upp á dagopnum
			10.júní	Sumarstarfið hefst	

3. Starfið í vetur

Í frístundaklúbbnum gefst börnum tækifæri á að dvelja við leik og skapandi störf eftir að skólastarfi lýkur. Markmið Hrafninsins er að veita öllum börnum sem sækja Hrafninn öruggt athvarf og bjóða þeim upp á skipulagt frístundastarf sem tekur mið af áhuga og getu hvers og eins. Áhersla er lögð á að gefa röddum barnanna vægi í starfi Hrafninsins, hlusta á raddir þeirra og bregðast við í samræmi, tryggja þeim jöfn tækifæri og styrkja þau og efla til þroska og þátttöku í samfélaginu. Haft er að leiðarljósi í öllu starfi Hrafninsins fagleg vinnubrögð, virðing fyrir einstaklingnum og gott foreldrasamstarf og við þá aðila sem koma að barninu.

Samstarf við skóla

Forstöðumaður er í góðum samskiptum við skóla þeirra barna sem koma í Hrafninn og situr teymisfundi hjá öllum börnum sem eru í Hrafninum ef þurfa þykir. Einnig erum við í góðum samskiptum við skólann ef barn mætir ekki í Hrafninn. Þá er haft samband við ritara þess skóla sem barnið er í eða kennara og leitað eftir upplýsingum sem gætu gefið upplýsingar um fjarveru barnsins. Ef ekki næst í skólana er leitað til foreldra.

Samstarf við félagsmiðstöðvar

Við reynum að vera í samstarfi við félagsmiðstöðvarnar eins og við á. Nú þegar Hrafninn er fluttur í Digranesið þá vonumst við til að geta komið á samstarfi við félagsmiðstöðina Pegasus í Álfhólsskóla eða Kjarnann í Kópavogsskóla. Líkt og við gerðum með Ekkó þegar við vorum við Kársnesskóla. Þegar unglingar í Hrafninum hafa viljað sækja starf félagsmiðstöðva í sínu skólahverfi á kvöldin þá höfum við reynt eftir fremsta megni að starfsmenn Hrafninsins aðstoði þau við að fara á viðburði á vegum félagsmiðstöðvarinnar og eða að aðlagast starfi félagsmiðstöðvarinnar. Einnig

höfum við farið yfir daginn í opnanir í þeim félagsmiðstöðvum sem viðkomandi barn sækir og reynt að styðja þau í daglegu starfi félagsmiðstöðva. Það eru alltaf nokkrir unglingar hjá okkur sem vilja sækja félagsmiðstöðvarnar á kvöldin og það væri gagnlegt á nýju starfsári að skoða leiðir til að styðja þau enn frekar til þátttöku í sinni félagsmiðstöð ef áhugi er fyrir hendi. Í ár ætlum við til að bjóða nemendum og foreldrum að fara með unglingunum á jólahlaðborð og á árshátíð í sínum skóla.

Landsmót Samfés á Akureyri

Í ár er landsmót samfés haldið á Akureyri dagana 6.-8.október. Þar gefst þeim unglingum að sækja félagsstarf og taka þátt í smíðjum og eiga hlut í að koma að nemendaráði Samfés. Í ár förum við með einn ungling ásamt tveimur starfsmönnum og erum með barninu allt landsmótið og styðjum hann í að taka þátt. Þetta er mjög mikilvægt skref fyrir okkur að gefa þeim unglingum sem sækja Hrafninn tækifæri á að fara á frábæra viðburði á vegum samfés.

Samstarf við aðra aðila

Hrafninn er í samstarfi við ráðgjafa á þjónustudeild fatlaðra varðandi einstaka nemendur sem og ferðapjónustu Kópavogs þar sem flest börnin koma með ferðapjónustunni í Hrafninn, ásamt því að þau eru sótt að loknum degi. Okkur hefur boðist að skoða samstarf við Bókasafnið í Kópavogi sem við erum mjög spennt fyrir að gera á þessu starfsári. Þá myndum við koma öðru hvoru á bókasafnið og krakkarnir hjálpa til við að raða og ganga frá bókunum og svo væri spilað í lok dags. Það væri gaman að bæta við samskonar samstarfi við aðrar starfsstöðvar í Kópavogi, til að mynda við sundlaugar eða verslanir.

Viðburðir í vetur

Við erum búin að skipuleggja að minnsta kosti 1-2 viðburði í mánuði fyrir börnin fram að áramótum. Eftir áramót munum við taka stöðuna og skipuleggja næstu 4 mánuði. Við gerum mánaðarplan fyrir hvern mánuð ásamt því að gera einstaklingsáætlun fyrir

þá sem þurfa. Einstaklingsáætlanir eru unnir í samstarfi við skóla og foreldra. Mánaðarplan er sent út á foreldra hver mánaðarmót.

Viðburðir fram að áramótum: Bingó – Halloween föndur – Halloween ball – Bolagerð – sund - slímgerð – bakstur -kertagerð – Piparkökuskreytingar – Litlu jól.

Viðburðir í samvinnu við félagsmiðstöðvarnar
Þeir unglingar sem sækja Hrafninn koma flestir úr Kópavogsskóla, Álfhólsskóla og Salaskóla og hafa sýnt áhuga á að fara í félagsmiðstöðvar í sínum skóla á dag- og/eða kvöldopnanir. Ef það eru viðburðir sem unglingar í Hrafninum vilja sækja í félagsmiðstöð í sínum skóla, þá gerum við okkar besta til að fylgja þeim á einstaka viðburði. Einnig höfum við nýtt opnanirnar hjá félagsmiðstöðvunum á sumrin fyrir unglingana okkar eftir unglingavinnu hjá þeim.

Viðburðir í samvinnu við Samfés

Dagsetning	Viðburður
6.-8.október	Landsmót Samfés
16.-20.október	Félagsmiðstöðva og Ungmennahúsavika
27.-28.október	Rafíþróttamót Samfés og Elko
17.nóvember	Rímnaflæði
5. Janúar	Samfés - con
19. janúar	Danskeppni Samfés
20. janúar	Hönnunarkeppni Stíll
16.-18.febrúar	Landsþing samfés
15. – 16. mars	Rafíþróttamót Samfés og Elko-Digranesi
2.apríl	Undankeppnum söngvakeppni lýkur
3.apríl	Skráning í söngkeppni Samfés hefst
18.-19.apríl	Aðalfundur Samfés
3.- 4.maí	Samfestingurinn í Laugardalshöll

Hrafninn sendir í ár einn ungling á Landsmót Samfés. Í samvinnu við börnin ræðum við þau hvaða viðburði þau hafa áhuga á að sækja og nú þegar hafa þau sýnt því áhuga á að fara á Rafíþróttamótið og Danskeppnina. Unglingunum býðst sömuleiðis að mæta á Samfestinginn ef þau óska eftir því.

4. Sumar í Hrafninum

Við erum með opið í Hrafninum á sumrin í 8 vikur fyrir 1.-10.bekk í Kópavogi. Eins og síðustu ár er lokað hjá okkur í kringum verslunarmannahelgina og það hefur reynst mjög vel. Við erum með skipulagða vikudagskrá frá 9:00 – 16:00 og bjóðum upp á gæslu frá 8:00 – 9:00 og 16:00 – 17:00. Á sumrin er fjölmennur hópur barna sem sækir námskeiðið hjá okkur, en á flestum vikunum var full skráning. Við tökum inn 20 börn og svo bætast við unglingar.

Stuðningur á almenn sumarnámskeið

Þetta var fyrsta sumarið okkar sem við sáum um að skipuleggja stuðning á almenn sumarnámskeið fyrir börn/unglinga í Kópavogi. Ráðnir voru inn tveir starfsmenn sem sáu um að fylgja börnum og unglingum á sumarnámskeiðin. Mikil aðsókn er í þessa þjónustu og náðum við að skipuleggja hana vel. Þegar það vantaði starfsmann þá voru starfsmenn Hrafnins tilbúnir að aðstoða.

5. Hópastarf

Í öllu okkar starfi þá vinnum við með hugsjón Barnasáttmálans og margt í okkar starfi tengist heimsmarkmiðunum. Starfsfólk Hrafnins hefur unnið að kortlagningu í tengslum við greinar barnasáttmálans og heimsmarkmiðin, og er það á stefnunni að tengja og gera betur grein fyrir í starfi Hrafnins og í samvinnu við börnin sem sækja Hrafninn. Við leggjum mikla áherslu á virkni, jafnrétti og draga úr ójöfnuði. Hrafninn er sértækt frístundastarf fyrir börn og unglinga með fötlun sem eru búsett og hafa lögheimili í Kópavogi. Markmið okkar er að bjóða uppá fjölbreytt starf þegar skóladegi þeirra lýkur. Einnig leggjum við áherslu á að hafa dagskrá fyrir börnin sem og einstaklingsmiðaða dagskrá ef þörf er á hverju sinni. Í Hrafninum leggjum við ríka

áherslu á lýðræði og hvetjum börnin til að hafa áhrif á starfið í Hrafninum. Til að mynda aðstoða börnin okkur við að gera mánaðarplan og matseðil fyrir hverja viku. Markmið í starfinu er að veita börnum og unglingum sem þar dvelja öruggt athvarf, fastan punkt í tilveruna og bjóða þeim upp á skipulagðar frístundir þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Unnið er að því að hverjum og einum líði vel og finnist gott að koma í Hrafninn þar sem hægt er að njóta sín í öruggu og skemmtilegu umhverfi. Við vinnum markvisst að því að virkja félagstengsl barnanna í Hrafninum, hjá okkur hitta þau oft jafnoka sína og gleðjumst við þegar þau mynda vinatengsl hjá okkur. Við förum meðal annars einu sinni í viku í sund og einu sinni í viku í íþróttahúsið í Digranesi. Við vonumst eftir því að geta verið í meiri samvinnu við félagsmiðstöðina í Álfhólsskóla, Salaskóla og Kópavogsskóla þar sem flestir unglingarnir okkar koma úr þessum skólum.

Klúbbastarf Hrafnins

Í starfi Hrafnins er matreiðslu- og bökunarklúbbur, þrjónaklúbbur, ævintýraklúbbur, sundklúbbur, allskonar föndursmiðjur og af og til eru haldnir minni viðburðir líkt og ball, leynivínávika, bingó, Among us keppni og just dance, og fleira skemmtilegt sem börnin vilja gera. Klúbbastarfið í Hrafninum er mjög mikilvægt þar sem börnin fá að velja sér sitt áhugamál við hæfi.

6. Barna og unglingaráð Hrafnins

Annan hvern föstudegi hittast börn/unglingar í Hrafninum og skipuleggja dagskrá fyrir næsta mánuð sem og ræða hvernig síðasta vika gekk. Á þessum fundi ræðum við líka um góð samskipti og önnur mál sem krakkarnir vilja ræða.

7. Foreldrasamstarf

Lögð er áhersla á gott samstarf milli foreldra og Hrafnins. Forstöðumaður sendir út tilkynningar og upplýsingar um starfsemi Hrafnins í tölvupósti til foreldra. Öllum póstum sem berast er svarað eins fljótt og hægt er og öll skilaboð sem berast er farið yfir um leið og þau berast. Mánaðarskipulag er sent út í byrjun hvers mánaðar þar

sem kemur fram dagskrá og þema hvers mánaðar. Við stefnum að því að taka upp fyrri venju þetta árið og bjóða foreldrum að koma í bolludags og jólakaffi til þess að efla samstarf foreldra og Hrafningsins. Þessi venja er frábært tækifæri fyrir starfsmenn að hitta foreldra og fyrir foreldra að sjá starfið sem við vinnum í Hrafninum.

Forstöðumaður er í samstarfi við ráðgjafa velferðarsvið þegar kemur að teymisfundum barna sem eru skráð í Hrafninn. Teymisfundir eru á 6-8 vikna fresti.

8. Verkferlar

– Verkferlahandbók frístundadeildar

Í henni má finna verkferla fyrir; undirbúning viðburða, framkvæmd viðburða, ferðir (stuttar og langar), atvikaskráningu, einstaklingssamtöl, samskipti við foreldra, minniháttar hegðunarfrávik, alvarleg hegðunarfrávik, smávægilegir áverkar, alvarleg slys og tilkynningar til barnaverndar

– Neyðaráætlun

Forstöðumaður fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og neyðaráætlun er sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni

– Móttaka nýrra starfsmanna

Farið yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefni, starfsmannahandbók og fleira.

– Öryggisgátlisti

Starfsfólki er kynnt öryggisgátlisti starfsstöðvar í upphafi starfsárs.

– Handbók um starfið

Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfsárs.

– Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)

Forstöðumaður tekur þátt í rýmingaráæfingum í samstarfi við húsvörð og upplýsir starfsfólk.

– Gátlistar vegna sértæks hópstarfs

Móttaka nemanda með annað móðurmál en íslensku og gátlisti vegna eineltis

9. Innra og ytra mat

Innra mat;

Starfsmenn setjast reglulega niður með börnunum og vinna að dagskrá fyrir mánuðinn. Þar gefst börnunum tækifæri að láta í ljós skoðanir sínar. Lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð og þátttöku barna og starfsmanna á fundinum. Einu sinni í mánuði setjast starfsmenn og forstöðumaður saman niður og fara yfir það hvað má betur fara og hvað gekk vel í mánuðinum. Við notum líka mætingartölur og samtal við krakkana við mat á starfið okkar. Á nýju ári er stefnt á að leggja fyrir ánægjukönnun til barna og unglinga sem sækja þjónustu Hrafningsins. Um er að ræða almenna þjónustukönnun þar sem börnin meta árangur og ánægju með starf frístundaklúbbsins Hrafningsins.

Ytra mat;

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðila, og er það deildarstjóri frístundadeildar sem ákveður hvaða félagsmiðstöð fer í ytra mat ár hvert. Matið byggir á vettvangsheimsóknum, viðtölum við stjórnendur, starfsfólk og unglinga sem félagsmiðstöðina sækja. Markmið matsins er að það sé leiðbeinandi og geti aðstoðað stjórnendur og starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar að vinna að framförum og umbótum, auk þess að hlúa að því sem vel er gert.

10. Símenntunaráætlun

Hrafninn er með einn starfsdag á hvorri önn og eru þeir frá kl. 8:00-13:00. Þessir dagar eru nýttir til fræðslu, skipulags og framkvæmda. Starfsfólki býðst fræðsluerindi 1x á önn tengt starfi sínu. Í ár verða námskeið haldin í sameiningu við Höfuð-borgina og eru þau námskeið bæði til þess að efla menningu innan starfsmannahópsins en einnig til þess að efla starfið fyrir börnin og ungmennin og láta starfsmönnum líða vek í starfi.

- Fyrirlestur frá Greininga- ráðgjafarstöð ríkisins
- Fötlunarfræði
- Að vera góður starfsmaður í starfsmannahóp.

Starfsfólki Hrafningsins býðst einnig að sækja önnur fræðsluerindi frístundadeildar. Starfsmannafundir eru haldnir með forstöðumanni 1x á tveggja mánaða fresti þar sem farið er yfir skipulag, starfið og starfsfólk upplýst ef þurfa þykir um einstaka mál

og getur komið sínum skoðunum á framfæri. Auk þess er haldinn starfsmannafundur með deildarstjóra frístundadeildar 1x á önn.

11. Fjöldatölur 2022-2023

Tölurnar er meðalfjöldi nemenda sem sækja Hrafninn fyrir hvern mánuð.

Ágúst = 14

September = 19

Október = 18

Nóvember = 19

Desember = 17

Janúar = 17

Febrúar = 16

Mars = 17

Apríl = 19

Mái = 19

12. Listi yfir starfsfólk og starfsheiti

Ásgerður Stefanía Baldursdóttir Forstöðumaður Hrafnins

Guðmunda Brynja Óladóttir Frístundaleiðbeinandi

Ástþór Sigurðsson Frístundaleiðbeinandi

Dagný Birta Dan Ólafsdóttir Frístundaleiðbeinandi

Dóra Jóna Aðalsteinsdóttir Frístundaleiðbeinandi

Þórný Edda Aðalsteinsdóttir Frístundaleiðbeinandi

Viktor Andri Hafþórsson Frístundaleiðbeinandi

Gunnar Hrafn Kristjánsson Frístundaleiðbeinandi

Fjalar Orri Vignisson Frístundaleiðbeinandi

Fannar Gauti Gissurarson Frístundaleiðbeinandi

Daði Helgason Frístundaleiðbeinandi

Hjörtur Guðmundsson Frístundaleiðbeinandi

Jóna Margrét Guðjónsdóttir Frístundaleiðbeinandi

Karítas Líf Óskarsdóttir Frístundaleiðbeinandi

Hjördís Kristinsdóttir Frístundaleiðbeinandi